


# Hugmyndafræðin

*Starfssamfélag er hópur fólks sem deilir áhuga eða ástríðu fyrir einhverju sem það færst við og lærir hvernig á að gera það betur í gegnum regluleg samskipti.*

[E. Wenger](#)

Menntamiðja byggist á hugmyndafræði [Etienne Wenger](#) um starfssamfélög og sérstaklega hugmyndum hans um hvernig aðkoma ólíkra aðila að slíku samstarfi stuðlar að nýbreytni og þekkingarsköpun. Lykilhugtak í hugmyndafræði Wengers í þessu samhengi er [“tvívirkjun” \(e. duality\)](#). Í því felst að aðkoma ólíkra aðila að samstarfi skapar spennu sem hvetur til mótnar nýrra lausna á þeim viðfangsefnum sem við er að etja. Með því að virkja ólíka hópa, miðla upplýsingum og þekkingu á milli þeirra, og skapa tækifæri til margvíslegs samstarfs stuðlar MenntaMiðja að tvívirkjun og nýbreytni innan starfssamfélaga.



[Smelltu til að stækka mynd](#)

Markmið MenntaMiðju er því að virkja hópa sem hafa þekkingu, áhuga og erindi í margbreytilega orðræðu um þróun menntunar og skólamála, s.s. kennarar, skólastjórnendur, fræðimenn, stefnumótendur og ekki síst nemendur í menntunarfræðideildum háskólanna – þ.e. nýliðana, sem eru oft öflug uppspretta frjórna hugmynda.

## Ávinningur af starfssamfélögum getur verið margvíslegur

	Skammtíma ávinningur	Langtíma ávinningur
Meðlimir	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hjálp við áskoranir</li><li>• Aðgangur að sérþekkingu</li><li>• Sjálfstraust</li><li>• Gleði með starfsfélögum</li><li>• Innihaldsríkt starf</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Persónuleg þróun</li><li>• Orðspor</li><li>• Fagleg sjálfsmynd</li><li>• Fagleg tengsl</li><li>• Möguleiki á starfsframa</li></ul>
Stofnun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Lausnaleit</li><li>• Tímasparnaður</li><li>• Deiling þekkingar</li><li>• Samvirkni eininga</li><li>• Endurnýting auðlinda</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Geta til stefnumótunar</li><li>• Fremst í flokki</li><li>• Nýsköpun</li><li>• Varðveisla hæfni</li><li>• Ný stefna</li></ul>

[http://ewenger.com/theory/start-up\\_guide\\_PDF.pdf](http://ewenger.com/theory/start-up_guide_PDF.pdf)